



Reykjavík, 23. nóvember 2020
R20110303

Borgarráð

Endurnýjun samnings við Samtökin '78

Meðfylgjandi eru drög að endurnýjuðum samningi Reykjavíkurborgar við Samtökin '78 til þriggja ára. Árlegur kostnaður vegna samninga við Samtökin '78 er kr. 8.700.000.

Núverandi samningar eru tveir og renna þeir út þann 31.12.2020. Annarsvegar samningur um þjónustu, að upphæð kr. 2.500.000 og hinsvegar samningur um fræðslu, að upphæð kr. 6.200.000. Lagt er til að einn samningur verði nú gerður í stað þessa tveggja.

Lagt er til að ákvæði eldri samninga um útgáfu, fræðslu til starfsfólks og stuðningshóps ungmenna falli út. Stuðningshópur ungmenna fellur nú undir starfsemi hinsegin félagsmiðstöðvar, einnig að fræðslu til starfsfólks verði sinnt af sérfræðingi í hinsegin málum á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og að útgáfa efnis verði á ábyrgð samtakanna. Árlegt framlag til samningsins verði kr. 8.700.000 og verði kostnaður tekin af miðlægum samningum.

Auk árlegs framlags til Samtakanna '78 vegna samningsins er gert ráð fyrir að tvær milljónir verði greiddar af mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til reksturs hinsegin félagsmiðstöðvar á árinu 2021.

Á síðastliðnum árum hefur aðsókn í hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og Samtakanna '78 stóraukist og mæta nú, haustið 2020, yfir 100 ungmenni í hverri viku. Starfsemin er háð fjárveitingu sem hefur m.a. verið tryggð í gegnum samning við Samtökin '78 og auka fjárveitingu samþykkta af borgarráði. Óskað er eftir að borgarráð feli skóla- og frístundasviði að hefja samtal við Samtökin '78 til þess að tryggja starfsemi hinsegin félagsmiðstöðvar til framtíðar.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki samninginn.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri

Hjálagt:

Minnisblað mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu
Drög að endurnýjuðum samningi við Samtökin '78

Reykjavík, 23. nóvember
2020
R20110303

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Anna Kristinsdóttir, mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

Minnisblað vegna endurnýjunar samnings Reykjavíkurborgar við Samtökin '78

Núverandi samningar við Samtökin '78 eru tveir og gilda fyrir árin 2018-2020. Annarsvegar samningur um þjónustu og hinsvegar samningur um fræðslu. Kveðið er á um fræðslu til starfsfólks og nemenda á skóla- og frístundasviði og til fagfólks þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar, ráðgjafþjónustu á vegum samtakanna, stuðningshóp hinsegin ungmenna og hinsegin félagsmiðstöð. Einnig er ákvæði um rekstur skrifstofu Samtakanna '78.

Á samningstímanum hafa samtökin veitt grunnskólum og frístundamiðstöðvum Reykjavíkurborgar um 200 fræðslur (flestar fyrir nemendur) og á sama tímabili veitt 4 leikskólum og einni þjónustumiðstöð fræðslu. Á þessum sama tíma hafa samtökin fengið um 507 einstaklinga frá Reykjavík í ráðgjöf. Í ársskýrslu samtakanna kemur fram að 40% allra sem koma í ráðgjöf eru af erlendum uppruna. Starfsmaður samtakanna ásamt sérfræðingi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu endurskoðuðu og gáfu út fræðslubæklinginn *Hvað er hinsegin?*.

Á samningstímanum hefur aðsókn í hinsegin félagsmiðstöð Tjarnarinnar og Samtakanna '78 stóraukist og mæta nú, haustið 2020, yfir 100 ungmenni í hverri viku. Starfsemin færðist úr húsnæði samtakanna yfir í húsnæði SFS og jókst starfshlutfall verkefnastjóra hennar. Starfsemin er háð fjárveitingu sem hefur m.a. verið tryggð í gegnum samninginn við samtökin og auka fjárveitingu samþykkta af borgarráði.

Frá árinu 2017 hefur sérfræðingur í málefnum hinsegin fólks starfað á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og hafa verkefni skrifstofunnar tekið mið af því. Ráðist var í verkefnið hinsegin fólk og heimilisofbeldi, gátlistar um trans og hinsegin börn í skólum hafa verið útbúnir ásamt sérstakri upplýsingasíðu og hefur Regnbogavottun Reykjavíkurborgar litið dagsins ljós, en tilgangur hennar er að gera starfsstaði og þjónustu borgarinnar hinseginvænni. Sumarsmiðja um hinseginvæna skóla var haldin haustið 2020 og hafa ótal margar fræðslur um málefni hinsegin fólks verið haldnar fyrir starfseiningar borginnar. Mikið hefur boríð á fræðslubeiðnum um trans börn/fólk frá SFS og ÍTR. Einnig hefur fyrirspurnum og símtölum um hinsegin málefni verið svarað og ráðgjöf veitt á þessu sviði.


Árið 2020 hefur um margt verið sérstakt vegna Covid ekki síst þegar litið er til fræðslu til

starfsmanna. Þó hafa á þriðja tug kynninga og fræðslna um hinsegin málefni verið haldin af sérfræðingi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu. Ótal margar kynningar bíða vegna samkomutakmarkana, þar með taldar fræðslur tengdar Regnbogavottun Reykjavíkurborgar. Sérfræðingur í hinsegin málefnum situr í starfshópi með fulltrúum af SFS sem hefur það hlutverk að skoða kynja- og hinseginfræðslu í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Ljóst er að breyting hefur orðið á starfsemi borgarinnar með tilkomu sérfræðings á sviði hinsegin mála, en einnig á þeirri starfsemi sem tengist samningnum við Samtökin '78 og veitir það tækifæri til endurskoðunar á samningunum.

Lagt er til að hafa einn samning við Samtökin '78 og einfalda hann, færa ákveðin verkefni til borgarkerfisins og halda í þá góðu starfsemi sem borgin er að nýta sér hjá Samtökunum '78:

- Fræðsla Samtakanna '78 til nemenda á skóla- og frístundasviði verður aukin en við bætist ákvæði um fræðslu Samtakanna '78 til hverfisfélaganna innan Íþróttabandalags Reykjavíkur. Fræðsla til fagfólks innan borgarkerfisins mun færast yfir á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og verði sinnt af sérfræðingi í hinsegin málum.
- Ráðgjöfin verður áfram styrkt.
- Almennur rekstur skrifstofu Samtakanna '78 verður áfram styrktur.
- Rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar verður skoðað á árinu 2021 með það í huga að verkefnið eigi að flytja alfarið undir skóla- og frístundasvið.
- Ákvæði um kynningar- og fræðsluefnir verða tekin út.
- Breytingar verða á ákvæði um árlega úttekt samningsins til að efla upplýsingaflæði og tölfraði vegna þjónustu.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri



Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, í samningi þessum nefnd *þjónustukaupi* og Samtökin '78, kt. 450179-0439, Suðurgötu 3, 101 Reykjavík, í samningi þessum nefnd *þjónustusali*, gera með sér svohljóðandi;

Samning

um fræðslu í skóla- og frístundakerfi Reykjavíkurborgar um stöðu og þjónustu við samkynhneigða, tvíkynhneigða, pankynhneigða, eikynhneigða, intersex og trans fólk, hér eftir sameiginlega nefnt *hinsegin fólk*.

Markmið Samtakanna '78 er að vinna að sýnileika og viðurkenningu hinsegin fólks og berjast fyrir því að það njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Samtökin leitast við að breyta fordómum, hroka og andúð i garð hinsegin fólks í viðurkenningu, sátt og mannvirðingu. Samtökin sérhæfa sig í að sinna þörfum hinsegin fólks og aðstandenda þess, m.a. með því að veita ráðgjöf og stuðning, skapa því félags- og menningarlegan vettvang, styrkja sjálfsvitund þess og samkennd, berjast fyrir réttindum þess og standa fyrir fræðslu um reynslu þess og sérstöðu.

1. gr. Hinseginfræðsla

Hlutverk þjónustusala:

Hlutverk þjónustusala er að skipuleggja og framkvæma fræðslufundi um hinsegin fólk og hinseginmálefni. Þjónustusali skal útbúa fræðslurnar með þeim hætti að þær þjóni starfsemi og þörfum þess sem hlýtur fræðsluna hverju sinni. Þjónustusali skal eiga frumkvæði að því að koma á og skipuleggja fræðslur.

Fræðsla til barna og ungmenna í grunnskólum og frístundastarfí Reykjavíkurborgar:

Þjónustusali skuldbindur sig til að veita börnum og ungmennum í grunnskólum og frístundastarfí Reykjavíkurborgar fræðslu. Þjónustusali skilgreinir þarfir og markmið fræðslustarfí í samvinnu við Jafnréttisskóla Reykjavíkur og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Fræðslan skal fara fram a.m.k. einu sinni á samningstíma þjónustusala og þjónustuþega í hverjum grunnskóla fyrir sig.

Markmið:

Að gera skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar laust við fordóma og mismunun í garð hinsegin nemenda. Að upplýsa nemendur um málefni og hugtök tengd hinsegin fólki.

Fræðsla fyrir hverfisfélög innan Íþróttabandalags Reykjavíkur:

Þjónustusali skuldbindur sig til að bjóða fram og veita fræðslufundi fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða hverfisfélaga innan Íþróttabandalags Reykjavíkur. Þjónustusali skilgreinir þarfir og markmið fræðslustarfs í samvinnu við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Hvert hverfisfélag innan ÍBR skal fá hinseginfræðslu einu sinni á ári á samningstímanum.

Markmið:

Að gera íþróttafélög innan Íþróttabandalags Reykjavíkur hinseginvænni sem og að veita hinsegin börnum og ungmennum tækifæri til að stunda íþróttir án beinna og óbeinna fordóma og mismununar vegna hinsegingleika.

Þjónustukaupi greiðir framlag vegna fræðslu í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 2.500.000 á ári.

2. gr.

Félags- og ráðgjafaþjónusta

Hlutverk þjónustusala

Þjónustusali skal tryggja að háskólamenntaðir ráðgjafar eru starfandi fyrir þjónustusala sem sinna stuðningsviðtöllum við hinsegin fólk á öllum aldri og aðstandendum þess. Þjónustan skal taka m.a. mið af sérstöðu hinsegin fólks. Viðtölin fara fram í húsnæði þjónustusala. Með samningi þessum skuldbindur þjónustusali sig til að veita þjónustuna endurgjaldslaust.

Markmið:

Að hinsegin fólk standi til boða félags- og ráðgjafaþjónusta frá fagfólk með sérþekkingu á málefnum hinsegin fólks.

Þjónustukaupi greiðir framlag vegna félags og ráðgjafaþjónustu í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 1.500.000 á ári.

3. gr.

Rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar

Hlutverk þjónustusala

Þjónustusali skuldbindur sig til að reka félagsmiðstöð fyrir hinsegin ungmenni í samvinnu við skóla- og frístundasvið. Á félagsmiðstöðinni skal vera reglubundin starfssemi fyrir ungmenni sem

tekur mið af sérstöðu þeirra sem hinsegin og vinnur að því að styrkja og efla sjálfsmýnd þeirra. Starfsemin skal fara fram í húsnæði þjónustukaupa en þjónustusali hefur aðkomu að kynningu hennar og vinnur í samstarfi við forstöðufólk félagsmiðstöðvarinnar um aðkomu sjálfboðaliða.

Markmið: Með rekstri hinsegin félagsmiðstöðvar er tryggt að hinsegin ungmenni fái skjól og félagslíf sem tekur mið af stöðu þeirra sem hinsegin þar sem þau geta styrkt eigin sjálfsmýnd. Að auki er markmiðið að veita hinsegin ungmennum vettvang þar sem þau geta kynnst öðrum hinsegin ungmennum, deilt reynslu sinni sem og kynnst og tilheyrt hinsegin samfélaginu.

Þjónustukaupi greiðir framlag til rekstur hinsegin félagsmiðstöðvar í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 3.700.000 á ári.

4. gr. Rekstur skrifstofu

Hlutverk þjónustusala

Hjá þjónustusala skal starfa starfsfólk sem annast hagsmunagæslu, sjáí um daglegan rekstur skrifstofu og hafi yfirumsjón með fræðslu- og ráðgjafastarfi og stuðningshópum. Þjónustusali veitir einnig álit og tekur þátt í samráði varðandi þætti er snerta hinsegin fólk og hinsegin málefni hjá þjónustukaupa.

Markmið:
Að tryggja faglegan rekstur, fræðslu og ráðgjöf um og fyrir hinsegin fólk.

Þjónustukaupi greiðir framlag til rekstur skrifstofu í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 1.000.000 á ári.

5. gr. Útborgun

Árið 2021: Í febrúar koma til útborgunar kr. 4.000.000 í ágúst 4.700.000

Árið 2022: Í febrúar koma til útborgunar kr. 4.000.000 í ágúst 4.700.000

Árið 2023: Í febrúar koma til útborgunar kr. 4.000.000 í ágúst 4.700.000

6. gr. Úttekt á framkvæmd samningsins

Samningur þessi gildir frá undirritun hans til 31. desember 2023. Á samningstímanum, í janúar ár hvert, skal þjónustusali veita mannréttindastjóra greinargerð um framkvæmd á samningnum sem inniheldur m.a. tölfraði yfir fræðslur og ráðgjöf. Bæði þjónustusala og þjónustukaupa er frjálst að óska eftir fundi til að fara nánar yfir framkvæmdina.

Ef breytingar verða á samningstímanum á þeirri starfsemi þjónustusala, sem samið eru um í samningi þessum, skal þjónustusali tilkynna þjónustukaupa það þegar í stað. Þjónustukaupi boðar þjónustusala þá til viðræðna um framhald samningsins.

**7. gr.
Ársreikningar ásamt skýrslu um starfsemina**

Þjónustusali skal senda mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar ársreikninga félagsins um leið og þeir liggja fyrir og eigi síðar en í maí ár hvert. Samhliða skal þjónustusali leggja fram skýrslu um starfsemi liðins árs þar sem fram kemur m.a. umfjöllun um sett markmið, mat á mælikvörðum o.s.frv.

**8. gr.
Gildistími samnings**

Samningur þessi gildir frá undirritun hans og til 31. desember 2023.

**9. gr.
Uppsagnarákvæði**

Ef verulegar vanefndir verða á samningi þessum er hvorum aðila heimilt að rifta honum með þriggja mánaða fyrirvara. Til verulegra vanefnda teljast meðal annarra brot á ákvæðum samnings þessa.

**10. gr.
Framsal**

Annar samningsaðilinn getur ekki án skriflegs samþykkis hins, framselt réttindi og skyldur sínar samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila.

**11. gr.
Breytingar á samningnum**

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum, skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samninginn skulu vera skriflegar og undirritaðar fyrir hönd beggja samningsaðila

**12. gr.
Ýmis ákvæði**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um venjuleg Force Maejure tilvik sem aðilar fá ekki við ráðið og áhrif geta haft á framkvæmd samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og með fyrirvara um fjárhheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, xxx

f.h Reykjavíkurborgar

f.h. Samtakanna '78